

Efni: Fjölgun afgreiðslufunda byggingafulltrúa

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki að fela bæjarstjóra, í samráði við bæjarritara, byggingafulltrúa og skipulags- og umhverfissvið, að endurskoða fyrirkomulag og tíðni afgreiðslufunda byggingafulltrúa.

Við endurskoðunina verði sérstaklega horft til þess að fjölga afgreiðslufundum á þeim tímabilum þegar málafjöldi er mikill eða þegar fyrirséð er að mörg mál séu til meðferðar samtímis. Jafnframt verði lagt mat á hvort setja eigi skýr viðmið um hvenær boða skuli aukafundi, til að tryggja skilvirka og fyrirsjáanlega afgreiðslu mála.

Í tilraunaskyni er lagt til að hefja vikulega fundi strax sumarið 2026 sem hluti af endurskoðuninni.

Niðurstöður endurskoðunarinnar verði lagðar fyrir bæjarráð eða bæjarstjórn eigi síðar en 24. september 2026.

Greinargerð

Kópavogsbær var lengi þekktur fyrir hraða afgreiðslu mála og skilvirka stjórnsýslu í skipulagsmálum. Borið hefur á því að afgreiðsla hjá byggingafulltrúa taki lengri tíma en æskilegt er.

Seinagangur í afgreiðslu mála getur og hefur haft raunverulegar fjárhagslegar og framkvæmdalegar afleiðingar, sérstaklega fyrir smærri fyrirtæki. Nýleg dæmi eru að lögaðilar hafi skilað lóðum þar sem afgreiðsla mála hefur dregist úr hófi fram. Það er alvarlegt ef tafir í stjórnsýslu sveitarfélagsins verða til þess að tefja uppbyggingu, draga úr fjárfestingu eða að aðilar treysti sér ekki lengur til að halda áfram með verkefni.

Með hliðsjón af þeim fjölda mála sem koma til afgreiðslu hjá byggingafulltrúa er mikilvægt að fundafyrirkomulagið taki mið af álagi hverju sinni.

Markmið tillögunnar er að tryggja að afgreiðsla mála sé skilvirk og í takt við raunverulegan málafjölda. Eðlilegt er að stjórnsýslan hafi svigrúm til að bregðast við þegar álag eykst, í stað þess að umsækjendur þurfi að bíða óþarflega lengi eftir formlegri afgreiðslu mála.

F.h. Miðflokksins í Kópavogi

Einar Jóhannes Guðnason

Bæjarfulltrúi